



Atvinnuveganefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík 22. nóvember 2018

## Breytingartillaga og álit atvinnuveganefndar við frumvarp til laga um veiðigjald, 144. mál.

Hinn 20. Nóvember sl. voru birt breytingartillaga og álit meirihluta atvinnuveganefndar vegna frumvarps til laga um veiðigjald. Samtök fyrirtækja í Sjávarútvegi (SFS) gera eftirfarandi athugasemdir við þær.

### Um minna veiddar tegundir

Fyrsta breytingartillaga atvinnuveganefndar er eftirfarandi:


*„Við 3. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi: **Nytjastofnar sem hafa minna aflaverðmæti en 100 millj. kr. á ári samkvæmt vegnu meðaltali næstliðinna þriggja ára mynda ekki stofn veiðigjalds.**“*

SFS fagnar því að ætlunin sé að leiðrétta vegna tegunda með takmarkaðar veiðar. Aftur á móti er ljóst að þessi breytingartillaga nær ekki tilætluðum árangri. Aðeins tólf tegundir og þrjú safnflokkar falla undir 100 milljóna króna aflaverðmæti að meðaltali síðustu þrjú ár. Aflaverðmæti þeirra er samtals um 340 milljónir króna. Af þeim eru aðeins sandkoli og skrápflúra í kvóta. Af því leiðir að tillagan á aðeins við um þessar tegundir. Í nefndaráli er þess sérstaklega getið að blálanga falli undir nefnda breytingartillögu. Það gerir hún hins vegar ekki þar sem meðal aflaverðmæti síðustu þriggja ára er 146 milljónir króna. Aflaverðmæti hennar er því meira en 100 milljónir króna.

Vandamálið snýr aðallega að tegundum sem hafa lágt heildaraflamark og veiðast gjarnan sem meðafli. Þær standa aðeins undir litlum hluta heildarveiðigjalds. Má í þessum sambandi nefna að 10 „stærstu“ tegundir bera um 95% af heildarveiðigjaldi og 15 „stærstu“ tegundir bera um 99% af heildarveiðigjaldi. Þessar tegundir sem hér er rætt um hafa því óveruleg áhrif á veiðigjaldið.

Reynslan hefur sýnt að mat á kostnaði við lítið veiddar tegundir verður seint tölfræðilega marktækt vegna þess að sumar þessara tegunda fá almennt hlutfallslega lítinn reiknaðan kostnað þar sem þær eru gjarnan verðminni. Dæmi um slíkar tegundir eru keila, langa, blálanga, litli karfi og gulllax. Þá hefur nýting aflaheimilda margra minni tegunda verið ófullnægjandi undanfarin fiskveiðiár, líkt og vikið var að í fyrri athugasemdum SFS við frumvarp

Það sem hér er fjallað um og graf hér að neðan sýnir. Gjaldtaka byggð á reiknistofni sem gefur ekki lýsandi mynd af raunverulegum kostnaði við veiðar getur og hefur leitt til þess að fyrirtæki fullnýta síður aflaheimildir. Þetta grefur undan nýtingarstefnu stjórnvalda með sjálfbæra nýtingu að leiðarljósi. Afleiðingin er allra tap; þekking við veiðar minnkar, markaðir tapast, skerðing verður á tekjum sjómanna og ríkið verður af veiðigjaldi og öðrum gjöldum ef heimildir eru ekki fullnýttar.



Heimild: Fiskistofa

SFS telur að það sé nauðsynlegt að finna lausn á þeim tegundum sem hér er átt við, með það að markmiði að auka nýtingu á þeim og fyrirbyggja að aðrar slíkar tegundir verði vannýttar.

**Tillaga SFS:** Lagt er til að tegundir sem ekki ná 150 milljóna króna reiknistofni, sem taki breytingum í samræmi við gengisvísitölu, myndi ekki stofn veiðigjalds eða beri fast veiðigjald að fjárhæð 1 kr./kg.

### Breytt frítekjumark

Breytingartillaga meirihluta atvinnuveganefndar felur í sér breytingu á frítekjumarki, sbr. 3. tl. breytingartillögu. Mikilvægt er við gjaldtöku að gætt sé jafnræðis og afslættir hvers konar eru óheppilegir. Engra afslátta er þörf ef gjaldið er hóflegt og sanngjarnt. Tæplega 90% greiðenda veiðigjalds nýta þann afslátt sem gildandi lög kveða á um til fulls. Sá hópur nýtur nú þegar verulega góðs af aflaheimildum sem ríkið hefur til umráða líkt og strandveiðar. Ef greiða á fyrir nýtingarrétt á auðlind er rétt að allir sem nýta auðlindina greiði sama gjald í hlutfalli við nýtingu. Samtökin telja að stjórnvöld séu með afsláttafyrirkomulaginu að styðja það að stór hluti þeirra sem nýta auðlindina séu að greiða hlutfallslega minna fyrir nýtingarrétt og standa því ekki undir kostnaði sem fellur til að á hálfu ríkisins vegna sjávarútvegs.

Í veiðigjaldi felst gjald fyrir nýtingu auðlindarinnar. Við slíka gjaldtöku verður löggjafinn að gæta jafnræðis, þannig að gjaldið sé það sama fyrir alla óháð því hver veiðir. Verð það sem ríkið krefur aðila fyrir hvert kíló fisks upp úr sjó, á að vera það sama óháð því hver veiðir fiskinn.

**Tillaga SFS:** Lagt er til að felldur verði brott 3. tl. í breytingatillögu meirihluta atvinnuveganefndar við frumvarp til laga um veiðigjald. Þá hefur SFS í fyrri umsögn lagt til að 8. gr. frumvarps til laga um veiðigjald verði felld brott.


### Um töluleg gögn í nefndaráliti

Í nefndarálitinu er fjallað um afkomu í sjávarútvegi árið 2017 á grundvelli skýrslu endurskoðunarskrifstofunnar Deloitte frá mars 2018. Sú skýrsla byggði hins vegar á mati á mögulegri afkomu, enda lágu á þeim tíma sem skýrslan var birt ekki fyrir rekstrarreikningar fyrirtækja. Samkvæmt nýjum lögum liggur rekstrarár tveimur árum fyrir álagningu til grundvallar.

Hagstofan gaf út ritið Hagur veiða og vinnslu fyrir árið 2017 þann 1. nóvember síðastliðinn. Þar er að finna rauntölur fyrir rekstrarárið 2017. EBITDA sjávarútvegs dróst saman um 31% milli ára og hreinn hagnaður (EBT) lækkaði um 76%. Réttara hefði verið að víkja að þessum tölum í nefndaráliti, en ekki mati Deloitte á mögulegri afkomu. Þá hefði það enn fremur gefið réttari mynd að víkja að rekstraryfirliti fiskveiða í nefndaráliti fremur en sjávarútvegs í heild sinni, þar sem veiðigjaldið leggst eðli máls samkvæmt aðeins á fiskveiðar. EBTIDA fiskveiða dróst saman um tæp 43% milli 2016 og 2017. Hreinn hagnaður fiskveiða lækkaði um 79% milli ára.

Hreinn hagnaður fiskveiða árið 2017 var 6,9 milljarðar króna. Áætlað veiðigjald fyrir árið 2019, sem grundvallast á rekstrarafkomu fiskveiða árið 2017 er 7,4 milljarðar króna. Ekki er úr vegi að þessar tölur séu uppi á borðum við umfjöllun um frumvarpið, þar sem rauntölur liggja fyrir. Það er vafalaust gagnlegt þegar afstaða er tekin til frumvarpsins að huga að því að álagningin árið 2019 nemur bannig 107% af afkomu.

Rekstraryfirlit fiskveiða 2012-2017



### Veiðigjald ekki hluti af reiknistofni

Það eru að mati SFS vonbrigði að atvinnuveganefnd sjái ekki ástæðu til að leiðrétta ranga forsendu í þeirri aðferðarfræði sem lögð er til í frumvarpi til laga um veiðigjald og varðar

skilgreiningu breytilegs kostnaðar. SFS telur afturför að veiðigjald sé ekki hluti af reiknistofni líkt og í nágildandi lögum, þar sem veiðigjald er frádráttarbært frá reiknistofni. Af þessum sökum verður reiknistofn veiðigjalds mun stærri en ella og felur þessi breyting frá núverandi lögum í sér umtalsverða hækkun gjaldsins. Um þessi sjónarmið vísast nánar til umsagnar SFS um frumvarp til laga um veiðigjald.

### Álag á tekjur í uppsjávarveiðum


SFS leggst gegn því að hækka skuli skráð aflaverðmæti á kolmunna, síld, loðnu og makríl um 1/10 líkt og kemur fram í 5. gr. frumvarpsins. Gert er ráð fyrir að kostnaður haldist óbreyttur sem þýðir að reiknistofn veiðigjalds hækkar á fyrrgreindar tegundir. Þá hefur þessi aðferðafræði í för með sér að veiðigjald verður hlutfallslega hærra af framlegð þegar árar illa en vel og veiðigjald gæti jafnvel verið lagt á þrátt fyrir að uppsjávarveiðar séu reknar með tapi. Það veldur vonbrigðum að atvinnuveganefnd hafi ekki tekið undir þessar áhyggjur SFS, enda er hér um mjög varasama aðferð að ræða, sem kann að hafa mjög skaðleg áhrif í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja sem veiða nefndar tegundir. Um þessi sjónarmið SFS vísast nánar til umsagnar SFS um frumvarp til laga um veiðigjald.

### Samantekt

Nauðsynlegt er að endurskoða ákvæði um minna veiddar tegundir svo það nái tilgangi sínum. Þá er mikilvægt að raun rekstrartölur fyrir árið 2017 séu ræddar í samhengi við frumvarpið, en 2017 var mjög slæmt ár í sjávarútvegi. Veiðigjald ætti að vera frádráttarbært frá reiknistofni og ekki ætti að hækka tekjur í uppsjávarveiðum.

SFS ítrekar að öðru leyti fyrri umsögn við frumvarpið sem send var 19. október sl. SFS áskilur sér rétt til þess að koma á framfæri frekari athugasemdum ef þörf reynist á síðar.

Fyrir hönd Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi,



Heiðrún Lind Marteinsdóttir,  
framkvæmdastjóri SFS